

# GREIÐSLUMIÐLUN – SKILMÁLAR

## INNGANGUR

Með samþykki á skilmálum þessum öðlast viðskiptavinur aðgang að greiðslulausnum Greiðslumiðlunar en skilmálarnir gilda um samninga þá sem stofnast þegar greiðslulausnir Greiðslumiðlunar eru notaðar til að greiða fyrir vöru eða þjónustu.

## 1. UMSÓKN

- (a) Viðskiptavinur beinir umsókn til Greiðslumiðlunar um heimild til að nota greiðslulausnir Greiðslumiðlunar til þess að greiða fyrir vöru og þjónustu. Greiðslumiðlun setur þau skilyrði fyrir samþykkt umsóknar að viðskiptavinir hafi náð 18 ára aldri og séu fjárráða. Einnig er almennt gerð sú krafa að viðskiptavinir séu með virkt netfang og séu rétt hafar að farsímanúmeri sem gefin er upp í tengslum við umsókn viðskiptavinar og notuð eru í samskiptum milli aðila. Greiðslumiðlun getur hafnað umsókn þótt framangreind skilyrði séu uppfyllt eða samþykkt umsókn án þess að öll skilyrði séu uppfyllt.
- (b) Viðskiptavinur getur ávallt afturkallað umsókn sína.

## 2. ÚTTEKTARHEIMILD

- (a) Eftir gildistöku samnings fær viðskiptavinur úttektarheimild sem er ákvörðuð af Greiðslumiðlun. Úttektarheimild er hægt að nýta til að greiða fyrir vörur eða þjónustu hjá þeim aðilum sem eru í samstarfi við Greiðslumiðlun.
- (b) Við mat á umsóknum og við ákvörðun úttektarheimilda notast Greiðslumiðlun við eigið matskerfi þar sem viðskiptavinir eru metnir út frá ýmsum breytum. Um er að ræða upplýsingar sem fyrirtækið sjálf á auk upplýsinga frá utanaðkomandi söluaðilum upplýsinga, svo sem Creditinfo. Greiðslumiðlun er ekki skylt að upplýsa viðskiptavini um uppbyggingu eða forsendur matsins né hvers vegna viðskiptavini eða einstökum viðskiptum er hafnað í einstökum tilvikum. Greiðslumiðlun áskilur sér rétt til breytingar á veittri úttektarheimild án fyrirvara.

## 3. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTA

- (a) Þegar viðskiptavinur notar greiðslulausnir Greiðslumiðlunar til að greiða fyrir vöru og þjónustu velur hann greiðsluleið og krafa stofnast. Sé greitt með greiðsluseðli birtist hann sjálfkrafa í heimabanka viðskiptavinar.
- (b) Greiðslufrestur og þar með eindagi kröfu er tilgreindur við stofnun kröfu en viðskiptavinir geta jafnan valið að skipta greiðslum með greiðsludreifingu með þeim hætti sem boðið er upp á í hvert sinn hjá söluaðila.

## 4. KOSTNAÐUR OG VEXTIR

- (a) Gjöld sem lögð eru á viðskiptavin við stofnun kröfu, vegna greiðsludreifingar, vextir og önnur gjöld sem kunna að koma til á síðari stigum eru samkvæmt verðskrá og skilmálum Greiðslumiðlunar. Greiðslumiðlun birtir á heimasíðu sinni verðskrá þá sem í gildi er á hverjum tíma.

## 5. EINDAGI OG ÁHRIF VANSKILA

- (a) Viðskiptavini ber að greiða úttektir sínar í síðasta lagi á eindaga hverrar kröfu. Berist greiðsla ekki á þeim degi reiknast vanskilavextir, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands hverju sinni, af úttektum frá gjalddaga og til greiðsludags. Á meðan krafa hefur ekki verið greidd

geta vanskil leitt til þess að lokað verði á frekari úttektir viðskiptavinar og þá þjónustu sem úttekt átti að greiða fyrir.

- (b) Greiðslumiðlun sendir út innheimtuviðvörðun eftir eindaga hafi viðskiptavinur ekki greitt kröfuna. Tíu dögum síðar er krafan send til frekari innheimtu. Viðskiptavini ber að greiða þann kostnað sem af innheimtu kröfunnar hlýst.
  - (c) Með samþykki skilmála þessara heimilar viðskiptavinar Greiðslumiðlun að tilkynna langvarandi vanskil til Lánstrausts hf., til skráningar yfir vanskil.
  - (d) Verði verulegar vanefndir af hálfu viðskiptavinar á einhverri skuldbindingu sinni er Greiðslumiðlun heimilt að gjaldfella allar útistandandi kröfur fyrirvaralaust og án uppsagnar. Sama gildir ef gert er fjárnám hjá viðskiptavini, lögð er fram beiðni um nauðungarsölu á eign hans, hann óskar eftir greiðslustöðvun, leitar nauðasamninga, krafist er gjaldþrotaskipta á búi hans eða ljóst er að mati Greiðslumiðlunar að viðskiptavinur geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Útistandandi skuldber þá dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfeldri fjárhæð, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.
  - (e) Greiðslumiðlun er einnig heimilt að gjaldfella allar útistandandi kröfur fyrirvaralaust og án uppsagnar ef að viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur skilyrði skilmála þessara fyrir gerð samnings, netfang eða farsímanúmer verður óvirkt án þess að breytingar hafi verið tilkynntar Greiðslumiðlun eða viðskiptavinur tekur upp fasta búsetu utan Íslands.
- ## 6. KVARTANIR
- (a) Greiðslumiðlun tekur ekki að sér milligöngu eða ber ábyrgð, vegna nokkurs konar ágreinings milli seljanda og viðskiptavinar vegna vöru eða þjónustu sem greidd hefur verið með greiðslulausnum Greiðslumiðlunar. Þannig ber viðskiptavini að leita beint til seljanda sem ber ábyrgð á greiðslu bóta vegna galla, afhendingardráttar eða vegna annarra þeirra vanefndaúrræða sem standa viðskiptavinum til boða. Helst því viðskiptasamband seljanda vöru eða þjónustu og viðskiptavinar óbreytt og þeir viðskiptaskilmálar sem um kaupin gilda.
- ## 7. UPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTAVINI
- (a) Greiðslumiðlun skráir rafrænt þær persónuupplýsingar sem berast. Greiðslumiðlun heldur úti gagnagrunni sem nær yfir upplýsingar um viðskiptavini, viðskiptasögu og athugasemdir. Viðskiptavinir geta beint skriflegri beiðni til Greiðslumiðlunar um hvernig persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar og geta þeir óskað eftir leiðréttingum á persónuupplýsingum
  - (b) Í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og lög nr. 81/2003, um fjarskipti, er Greiðslumiðlun heimilt að safna persónuupplýsingum. Tilgangur söfnun upplýsinga er að meta greiðsluhæfni viðskiptavina við gerð samninga. Með samþykki skilmála þessara heimilar viðskiptavinar Greiðslumiðlun að afla upplýsinga frá þriðja aðila á sviði greiðsluhæfismats. Við öflun og meðferð persónuupplýsinga er gætt fyllsta öryggis og eru allar

upplýsingar um viðskiptavinum geymdar með dulkóðuðum hætti.

- (c) Viðskiptavinur samþykkir að símtöl milli starfsmanna Greiðslumiðlunar og viðskiptavinar kunna að vera hljóðrituð án þess að þess sé sérstaklega getið í upphafi hvers símtals, en tilgangur með símaupptökum er að varðveita heimildir um samskipti milli aðila. Greiðslumiðlun er heimilt að hljóðrita símtöl sbr. 48. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Greiðslumiðlun ábyrgist ekki að öll símtöl verði hljóðrituð og Greiðslumiðlun ber ekki ábyrgð ef símtal hefur ekki verið hljóðritað. Viðskiptavinur samþykkir að Greiðslumiðlun er heimilt að nýta hljóðritanir í dómsmáli.
- (d) Viðskiptavinur heimilar Greiðslumiðlun að sækja upplýsingar um sig til Creditinfo, s.s. lánshæfismat, upplýsingar úr vanskilaskrá og öðrum gagnagrunnum sem félagið rekur enda byggji slíkt á lögvörðum hagsmunum Greiðslumiðlunar. Hluti upplýsinga frá Creditinfo byggir á samkeyrslu gagna og geta innihaldið sögulegar upplýsingar um þróun vanskila og lánshæfismat. Viðskiptavinur samþykkir að slíkar upplýsingar séu notaðar við ákvörðunartöku í tengslum við viðskipti, eftirlit í tengslum við slík viðskipti og í öðrum þeim tilvikum þegar Greiðslumiðlun hefur lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga. Að sama skapi heimilar viðskiptavinur að innheimtuaðilar sem innheimta vanskilakröfur fyrir Greiðslumiðlun sækji fyrrnefndar upplýsingar til Creditinfo enda byggji slíkt á lögvörðum hagsmunum. Viðskiptavinur heimilar Greiðslumiðlun að miðla skráðu netfangi sínu til Creditinfo vegna uppflettingar á lánshæfismati og að Creditinfo geti sent tilkynningu með tölvupósti þess efnis til viðskiptavinar. Allar nánar upplýsingar um hlutaðeigandi upplýsingar Creditinfo, og kunna að vera notaðar af Greiðslumiðlun má finna á heimasíðu Creditinfo: [www.creditinfo.is](http://www.creditinfo.is).
- (e) Viðskiptavinur getur afturkallað samþykki sitt skv. þessari grein og skal slík afturköllun taka gildi 30 dögum eftir að Greiðslumiðlun hefur sannanlega mótttekið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Greiðslumiðlun heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í skilmálum þessum. Afturkalli viðskiptavinur samþykki sitt getur það leitt til þess að Greiðslumiðlun hafni frekari viðskiptum.

## 8. UPPLÝSINGAR OG TILKYNNINGAR

- (a) Viðskiptavinur skuldbindur sig til að hlíta þeim skilmálum sem gilda um þjónustu Greiðslumiðlunar á hverjum tíma. Viðskiptavinur ber að tilkynna Greiðslumiðlun þegar í stað verði breytingar á skráðum upplýsingum svo sem heimilisfangi, símanúmeri eða netfangi. Vanræksla viðskiptavinar á tilkynningu getur leitt til gjaldfellingar á öllum útistandandi kröfum en á meðan breytingar hafa ekki borist getur Greiðslumiðlun ekki ábyrgst að tilkynningar berist viðskiptavinum. Tilkynningar Greiðslumiðlunar til viðskiptavinar eru sendar með SMS-skeyti, tölvupósti eða

bréfi á það heimilisfang, símanúmer eða netfang sem hann hefur gefið upp.

- (b) Í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þá veitir viðskiptavinur Greiðslumiðlun heimild til að afla persónuupplýsinga og vinna úr þeim.
- (c) Viðskiptavinur staðfestir að honum sé ljóst að notkun tölvupósts og annarra rafrænna samskiptaleiða getur falið í sér áhættu, að slík samskiptaleið tryggi ekki leynd eða öryggi samskipta. Greiðslumiðlun ber enga ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þess að framangreindar samskiptaleiðir voru notaðar.

## 9. BREYTINGAR Á SKILMÁLUM

- (a) Greiðslumiðlun áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum þessum og þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli samnings aðila, t.d. vegna breytinga á lagaumhverfi. Séu breytingar á skilmálum íþyngjandi eru þær kynntar viðskiptavinum með tilkynningu með tölvupósti á netfang það sem hann hefur gefið upp með a.m.k. 15 daga fyrirvara áður en breytingarnar taka gildi. Haldi viðskiptavinur áfram að nota þjónustu Greiðslumiðlunar eftir að breyttir skilmálar hafa tekið gildi telst hann hafa samþykkt þá. Sætti viðskiptavinur sig ekki við breytta skilmála getur hann sagt upp samningi aðila.

## 10. UPSÖGN SAMNINGS

- (a) Um samning viðskiptavinar og Greiðslumiðlunar gilda lög nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Samkvæmt ákvæðum þeirra laga hefur viðskiptavinur rétt til að falla frá samningi án greiðslu og viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, ef viðskiptavinur sendir tilkynningu þar að lútandi til Greiðslumiðlunar innan 14 daga frá þeim degi sem viðskiptavinur hefur mótttekið þessa skilmála.
- (b) Frestur til að falla frá samningi byrjar að líða þegar viðskiptavinur hefur samþykkt skilmálana. Ef síðasti dagur frestsins fellur á helgi eða er frídagur, lýkur frestinum næsta virka dag. Falli viðskiptavinur frá samningi eftir að umsókn hans berst Greiðslumiðlun, en áður en umsókn er afgreidd, hefur Greiðslumiðlun heimild til að krefja viðskiptavin um greiðslu fyrir þá þjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi, samanber ákvæði 14. gr. laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Ef viðskiptavinur óskar eftir því að falla frá samningi skal hann senda beiðni sína skriflega til Greiðslumiðlunar áður en fresturinn rennur út. Falli viðskiptavinur frá samningi skal hann greiða þá fjárhæð sem hann hefur fengið frá Greiðslumiðlun auk framangreindrar greiðslu. Réttur til að falla frá samningi gildir ekki um þá samninga sem hafa verið efndir að fullu af báðum aðilum að ósk viðskiptavinar.
- (c) Tilkynningu um að viðskiptavinur falli frá samningi skal beina til Greiðslumiðlunar með sannanlegum hætti. Óski viðskiptavinur eftir að segja upp samningssambandi við Greiðslumiðlun af öðrum ástæðum skal tilkynningu þess efnis beint til Greiðslumiðlunar með sannanlegum hætti. Eftir uppsögn getur viðskiptavinur ekki óskað eftir frekari þjónustu.

## 11. ÝMIS ÁKVÆÐI

- (a) Með samþykki viðskiptavinar á skilmálum þessum stofnast fjarsólusamningur um fjármálaþjónustu á milli Greiðslumiðlunar ehf., kt. 540612-1020, Laugavegi 99, Reykjavík (Greiðslumiðlun) og viðskiptavinar í skilningi laga nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu.
- (b) Viðskiptavinur er óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum nema með fengnu fyrirfram skriflegu samþykki Greiðslumiðlunar.
- (c) Greiðslumiðlun er heimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum aðila í heild eða að hluta til þriðja aðila án samþykkis viðskiptavina.
- (d) Skilmálar þessir eru með fyrirvara um ákvarðanir stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa eða atriða sem talin verða falla undir "force majeure" tilvik þannig að aðilum verði ómögulegt að efna skilmála þessa og samninga aðila. Í þeim tilvikum getur Greiðslumiðlun að undangenginni tilkynningu til viðskiptavinar gjaldfellt reikning með 10 daga fyrirvara. Þá eru aðilar einnig sammála um að ákveði yfirvöld, t.d. skattayfirvöld, að leggja á skatta, gjöld eða álögur á viðskipti sem samningsskilmálar þessir taka til, skuldbindur viðskiptavinur sig til að greiða slíkt beint til viðkomandi yfirvalda að skaðlausu fyrir Greiðslumiðlun.
- (e) Greiðslumiðlun ber ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem kann að orsakast af tæknilegum bilunum eða villum í

hugbúnaði, stýrikerfum, netkerfum, fjarskiptakerfum, rofi eða truflunum í slíkum kerfum, rafmagnsleysi, bilunum og truflunum í tækjum og vélbúnaði hvort sem slíkur búnaður er í eigu eða notaður af Greiðslumiðlun eða notaður af hálfu annarra. Viðskiptavinur getur ekki krafist Greiðslumiðlun um bætur vegna tjóns, beins eða óbeins, vegna sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, sbr. 40. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Ef framangreind tilvik koma í veg fyrir að Greiðslumiðlun geti staðið við samningsskyldur sínar við viðskiptavin sinn, í heild eða að hluta, og skal þá skylda Greiðslumiðlunar frestast þar til framangreindu ástandi léttir og hægt er að framkvæma þau. Ef framangreint ástand leiðir til þess að ekki er hægt að inna af hendi greiðslur eða taka við greiðslum í samræmi við samningsskyldur, skulu hvorki viðskiptavinur né Greiðslumiðlun þurfa að greiða vexti vegna þess að slíkar greiðslur frestast.

- (f) Komi til þess að ákvæði samningsskilmála eða samnings verður metið andstætt lögum skal það ákvæði teljast ógilt en önnur ákvæði skulu að öðru leyti standa óbreytt og halda áfram gildi sínu milli Greiðslumiðlunar og viðskiptavinar.
- (g) Rísi ágreiningur sem á rót sína í skilmálum þessum sem ekki tekst að ljúka með samkomulagi má reka mál þar um fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá janúar 2017

Greiðslumiðlun ehf.